

## Fundargerð 4. haustþings Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

(SSA) haldið á Breiðdalsvík 8. og 9. September 2022

### Fimmtudagurinn 8. september 2022

12:00-13:00 Hádegisverður ásamt skráningu og afhending fundargagna

#### 1. Setning haustþings, skipun fundarstjóra og ritara

Einar Már Sigurðarson, formaður SSA, setti haustþingið kl. 13:00 og bauð fulltrúa, þingmenn og gesti velkomna á Haustþing SSA 2022. Fagnaði hann því að hægt væri að halda þingið á vettvangi en síðasta staðarþing var haldið árið 2019 vegna covid 19 faraldurs. Sagði hann að þar sem töluverð endurnýjun væri í sveitarstjórnnum eftir kosningar í vor væri mikilvægt að fulltrúum gæfist kostur á að hittast. Í framhaldi af því sagði hann frá því að ríkisstjórnarfundur að hausti, sem venja hefur verið að haldinn væri úti á landi, yrði á Austurlandi næsta haust í samræmi við samtöl við forsætisráðherra í vikunni.

Einar Már Sigurðarson, formaður SSA fór yfir kjörbréf og las upp nöfn fulltrúa á þinginu og bað þá um að standa upp. Að því búnu bar formaður upp tillögu um þingforseta, Jón Björn Hákonarson og þingritara Gunnar Jónsson og Þórð Vilberg Guðmundsson. Var hún samþykkt með lófataki. Að því loknu afhenti Einar Már þingforseta stjórn og ritara tóku til starfa.

Þingforseti tók við og kynnti fyrirkomulag fundarins. Fundurinn var boðaður til sveitarfélaganna 4 vikum fyrir fund og dagskrá send út 10 dögum fyrir fund. Fundurinn telst löglega boðaður og kallaði þingforseti eftir því ef einhver teldi svo ekki vera, en enginn kvaddi sér hljóðs. Þingforseti lýsti því fundinn lögmætann.

#### 2. Ávarp formanns:

Því næst bauð þingforseti Einari Má Sigurðarsyni, formanni SSA, að koma í pontu og flytja ávarp.

Formaður fór yfir stöðu sambandsins og helstu verkefni sem unnið var af á árinu. Fór hann yfir fjallskilasamþykkt sem búin er að vera í vinnslu og liggja nú drög hennar fyrir sveitarstjórnnum. Þá sagði hann frá því að uppi væru hugmyndir um að halda fund með pallborðsfyrirkomulagi með fulltrúum sveitarstjórna og þingmönnum til að efla samtál þar á milli.

Sagði hann Svæðisskipulag Austurlands hafa verið eitt stærsta verkefni sambandsins á síðasta kjörtímabili og yrði afurð þeirrar vinnu kynnt á þinginu. Fór hann yfir árangur og áfanga sem náðst hafa í samgöngumálum, bæði í vegamálum og flugsamgöngum og lagði hann áherslu á mikilvægi Loftbrúarinnar. Í því samhengi nefndi hann millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll sem áætlað er að hefjist á næsta ári en þar hafi flugfélagið Condor tilkynnt um beint flug við meginland Evrópu.

Þá hafi náðst merkur árangur með tilkomu starfsemi HR og HA á Austurlandi og unnið sé á grunni þeirrar áherslu að fyrsti áfangastaðurinn á Austurlandi í verkefninu Vörður verði Stuðlagil.

Brýndi hann sveitarstjórnarstigið á mikilvægi þess að góð samstaða þurfi að ríkja meðal sveitarfélaga og fulltrúa þeirra um hagsmuni fjórðungsins, m.a. í formi þess að sækja meiri hlutdeild í sameiginlega skattstofna ríkis og sveitarfélaga og skattstofna sem ættu að vera í umsjón sveitarfélaganna en ekki ríkis. Að lokum þakkaði formaður stjórn sambandsins, svæðisskipulagsnefnd, þingmönnum og ráðuneytum fyrir gott samstarf.

### **3. Drög að ályktun Haustþings 2022 lögð fram**

Því næst var komið að kynningu á drögum að ályktunum þingsins sem unnin voru af stjórn og vísað til þingsins. Bauð þingforseti formanni stjórnar að koma og mæla fyrir drögnum.

Einar Már Sigurðarson, tók þá til máls og kynnti drögin sem samþykkt voru af stjórn SSA þann 5. september 2022. Drögin voru send út til sveitarstjóra sveitarfélaganna þann 6. september sl. og áfram þaðan til þingfulltrúa. Þá vísaði formaður til hlekks á heimasíðu fyrir þá sem vildu hafa rafrænt eintak.

Ályktanir eru fram settar með nýju fyrirkomulagi sem byggir á svæðisskipulaginu og eigi að vera til eftirfylgni og sóknar landshlutans í heild.

Þingforseti þakkaði Einari Má fyrir hans yfirferð. Kallaði hann eftir hvort fleiri ályktanir yrðu fram bornar en svo var ekki. Vísaði hann ályktunum til umfjöllunar og afgreiðslu fundarins föstudaginn 9. september.

### **4. Stóra myndin - undirstöður skipulagsmála**

Þingforseti kynnti því næst að komið væri að fyrsta fyrirlesara dagsins og kynnti Matthildi Kr. Elmarsdóttir skipulagsráðgjafa Atla sem fjallaði um stóru myndina í skipulagsmálum.

Matthildur tók því næst til máls og flutti erindi sitt.

Þingforseti þakkaði Matthildi fyrir greinargóða kynningu á umhverfi skipulagsmála og sagði að umræður um erindi dagsins yrðu teknar saman í lok dagsins. Að því loknu var gert fundarhlé.

14:30-14:45 Kaffihlé

### **5. Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044**

Að loknu hléi bauð þingforseti Stefáni Boga Sveinssyni formanni svæðisskipulagsnefndar og Eydísi Ásbjörnsdóttur varaformanni svæðisskipulagsnefndar að fara yfir svæðisskipulag Austurlands 2022-2044.

Eydís og Stefán Bogi tóku því næst til máls og fluttu erindi sitt.

Þingforseti þakkaði þeim Eydísi og Stefáni Boga fyrir greinargóða kynningu á vinnu svæðisskipulagsnefndar sem og innihaldi svæðisskipulagsins. Í framhaldi var gert fimmtán mínútna hlé.

15:45-16:00 Kaffihlé

### **6. Ávinningur svæðisskipulagsins og næstu skref**

Þingforseti boðaði þá að fundi yrði nú haldið áfram með dagskrá og næst væru erindi um ávinning svæðisskipulagsins. Þingforseti bauð því næst Hrafnkeli Proppé, skipulagsfræðingi hjá Urbana velkominn til að segja frá reynslunni í tengslum við gerð og innleiðingu svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins.

Hrafnkell tók til máls og flutti erindi sitt.

Þingforseti þakkaði Hrafnkeli fyrir greinargóða kynningu og bauð því næst Björgu Ágústsdóttur, bæjarstjóra Grundarfjarðarbæjar velkomna til að segja frá reynslunni í tengslum við gerð og innleiðingu svæðisskipulags Snæfellsnes.

Björg tók til máls og flutti erindi sitt. Þingforseti þakkaði Björgu fyrir greinargott erindi og bauð því næst Jónu Árnýju Þórðardóttur, framkvæmdastjóra Austurbrúar velkomna til að fara yfir næstu skref í tengslum við Svæðisskipulag Austurlands.

Jóna tók til máls og fór yfir næstu skref.

Þingforseti þakkað Jónu , og öðrum þeim sem fluttu framsögur að lokum fyrir komuna fyrir góð erindi.

## **7. Umræður og spurningar**

Því næst opnaði þingforseti fyrir spurningar og umræður um erindi dagsins. Hann óskaði þess að fundarmenn kynntu sig og væru hnitmiðaðir í spurningum sínum og umræðum.

Til máls tóku:

- a) Logi Einarsson: Þakkaði fyrir góðan og skemmtilega fund og beindi spurningu til Matthildar og Bjargar: Aðalskipulag er lögbundið, en ekki svæðisskipulag. Hvað gerist ef einhver þáttakandi í svæðisskipulagi fer ekki eftir skilmálum þess. Mun Skipulagsstofnun t.d. getað stoppað af framkvæmdir sem eru í samræmi aðalskipulag en fara ekki eftir ákvæðum í svæðisskipulagi? Svar: Ekki hefur reynt á þetta en sé aðalskipulag eða framkvæmdir sveitarfélaga ekki í samræmi við svæðisskipulag mun Skipulagsstofnun reisa „rauð flögg“ til sveitarfélags. Ef framhald verður á framkvæmdum mun þá Skipulagsstofnun vísa málinu til ráðherra en úrskurður yrði að lokum í höndum ráðherra.
- b) Eyþór: Hvernig er ferlið að breyta gildandi svæðisskipulagi? Þurfa öll sveitarfélög að samþykkja allar breytingar á því? Svar: Svæðisskiplagsnefnd er vettvangur til að taka fyrir breytingar á svæðisskipulagi, þar eru breytingar á henni teknar fyrir og ræddar. Svæðisskipulag Austurlands er stefnumarkandi með langan aðdraganda í vinnslu þannig að ólíklegt er að það muni reyna á breytingar á því að mati formanns svæðisskipulagsnefndar. Svæðisskipulagsnefnd verður til áfram þegar skipulagið tekur gildi, og hún mun hafa aðkomu allra sveitarfélaga. Hún mun taka ákvörðun um það hvort að skipulög sveitarfélaga gangi gegn ákvæðum Svæðisskipulags. Ef menn vilja breytingar á svæðisskipulagi þurfa menn að vinna að því í gegnum nefndina og þá lögformlegan feril skipulagsmála

- c) Einar Már Sigurðarson: Hvernig nýtist svæðisskipulagið okkur til að sækja á ríkisvaldið? Stefán Bogi segir sína draumsýn vera þá að þegar stefnan hefur verið sett að ríkið horfi til stefnumörkunar svæðisins við sínar ákvarðanir.
- d) Pröstur Jónsson: Velti fyrir sér hvaða verkfæri verða notuð til að meta þau verkefni sem koma til svæðisskipulagsnefndar – svo sem samræmi og árekstra við haf- og strandsvæðaskipulag, skipulag heima í héraði og ýmsa hagsmuni á svæðinu

## **8. Framhald þingstarfa**

Þingforseti bauð því næsti Jónu Árný Þórðadóttur framkvæmdastjóra Austubruár að koma í ræðustól til að fara yfir fyrirkomulagið á starfi þingsins í fyrramálið, föstudag.

Að því loknu sleit þingforseti dagskrá fyrri hluta dags og bauð fh. Fjarðabyggðar til dagskrár heimamanna og tilkynnti að kvöldverður myndi síðan hefjast kl. 20:30.

Í kvölddagskrá kom eftirfarandi fram:

Menningarverðlaunahafi SSA 2022: Guðmundur Sveinsson.

Heiðursgestur haustþings SSA 2022: Kristjana Björnsdóttir.

Að því loknu tók við dagskrá heimamanna.

## **Föstudagurinn 9. september 2022**

### **9. Umræður, afgreiðsla mála og lokafrágangur**

Þingforseti bauð þingfulltrúa velkomna til síðari dags þings SSA. Fór þingforseti yfir dagskrá dagsins.

Því næst boðaði þingforseti að nú hæfust umræður um ályktun þingsins, sem þingfulltrúum var kynnt í gær. Þingforseti opnaði fyrir mælendaskrá og bað þá sem vildu taka til máls um ályktunina að koma í pontu.

Ragnar Sigurðsson: Ályktun sem er mér að skapi. Tími til komin að ályktun sé dregin saman þannig að hún sé meðfærilegri og þar með auðveldari til notkunar út á við t.d. í samræðum við löggjafarvaldið. Ályktun er gott plagg, og ég er ánægður með útkomuna.

Einar Már Sigurðarson: Fór yfir texta ályktunarinnar og las hann upp í heild sinni til kynningar.

Pröstur Jónsson: Ræddi um mikilvægi samstöðu í samgöngumálum. Hvatti til þess að sveitarfélögin myndu standa saman og setja sig inn í hlutina í öðrum sveitarfélögum. Mikilvægt að öll sveitarfélög komi í ríkari mæli inn í umræðuna um Fjarðarheiðargöng. Sameiginlega stefnu hefði verið gott að hafa þegar leiðarval og staðsetning Fjarðarheiðarganga var til skoðunar í byrjun.

Fleiri báðu ekki um orðið og lokaði þingforseti þar með mælendaskrá og bar ályktun haustþings SSA 2022 upp til samþykktar og bað þingfulltrúa um að rétta upp hönd til að greiða atkvæði sitt með handauppréttingum.

Ályktun Haustþings SSA 2022 var samþykkt samhljóða.

#### **10. Niðurstaða kjörnefndar**

Þingforseti kynnti að til undirbúnings stjórnarkjóri hefði stjórn skipað Einar Már Sigurðarson, Gauta Jóhannesson og Sigríði Bragadóttur í kjörnefnd fyrir SSA.

Bauð þingforseti formanni kjörnefndar til að koma og kynna tillögu sína að stjórn SSA 2022-2024.

Einar Már Sigurðarson kynnti tillögu kjörnefndar.

#### **Aðalmenn:**

Ragnar Sigurðsson, Fjarðabyggð

Puríður Sigurðardóttir, Fjarðabyggð

Berglind Harpa Svavarsdóttir, Múlaþingi

Helgi Hlynur Ásgrímsson, Múlaþingi

Axel Örn Sveinbjörnsson, Vopnafirði

#### **Varamenn:**

Þórdís Benediktsdóttir, Fjarðabyggð

Stefán Þór Eysteinnsson, Fjarðabyggð

Jónina Brynjólfssdóttir, Múlaþingi

Eyþór Stefánsson, Múlaþingi

Aðalbjörg Ó. Sigmundsdóttir, Vopnafirði

Þingforseti bað kjörna fulltrúa um að rétta upp hönd til að greiða atkvæði sitt.

Tillaga kjörnefndar var samþykkt samhljóða.

#### **11. Fundaskipulag haustsins**

Næst bauð þingforseti Jónu Árnýju í pontu til að kynna fundarskipulag haustsins.

Þingforseti þakkaði framkvæmdastjóra fyrir yfirferðina.

#### **12. Lokafrágangur**

Þingforseti bar upp þá tillögu að fundarritara og þingforseta yrði falið að ljúka frágangi fundargerðar og var það samþykkt.

Þingforseti kynnti að næsti haustfundur SSA yrði haldin á Vopnafirði og gaf fulltrúa Vopnafjarðarhrepps Axeli Erni Sveinbjörnssyni orðið. Axel kom í ræðustól og bauð fundarmenn velkomna til fundar á Vopnafirði haustið 2023.

Þingforseti bauð fráfaraði formanni að taka við og loka fundinum. Einnig minnti hann á að myndataka yrði áður en gengið yrði til hádegisverðar.

Einar Már Sigurðarson formaður tók til máls. Þakkaði hann fundarmönnum fyrir fundinn. Einnig þakkaði hann þingfóseta og riturum, framkvæmdastjóra ásamt öðru starfsfólki fundarsins fyrir þeirra störf. Að því búnu sleit Einar Már haustþingi 2022.

**Fundi slitið kl. 11:00**

Fundargerð rita: Þórður Vilberg Guðmundsson og Gunnar Jónsson.